

## AUGLÝSING

### um staðfestingu safnaráðs á stofnskrá Listasafnsins á Akureyri.

Með vísan til 3. tl. 10. gr., sbr. c-lið 2. mgr. 7. gr. safnalaga nr. 141/2011, staðfesti safnaráð þann 3. ágúst 2015 stofnskrá Listasafnsins á Akureyri.

Stofnskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Reykjavík, 7. september 2020.*

F.h. safnaráðs,

**Þóra Björk Ólafsdóttir** framkvæmdastjóri.

#### Fylgiskjal.

#### SAMÞYKKT

#### fyrir Listasafnið á Akureyri.

#### I. Nafn, heimili, tilgangur og verkefni.

##### 1. gr.

Listasafnið á Akureyri er í eigu Akureyrarbæjar og starfar í þágu almennings. Heimili þess er að Kaupvangstræti 12 og varnarþing er á Akureyri. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr bæjarsjóði í samræmi við fjárhags- og starfsáætlun ár hvert. Safnið er ekki rekið í hagnaðarskyni. Ef hagnaður verður af rekstri rennur hann til safnsins sjálfs.

##### 2. gr.

Starfssvæði Listasafnsins er Akureyri og nágrenni. Viðfangsefnið eru sjónlistir og hönnun. Listasafnið á Akureyri sér um rekstur þeirra stofnana og starfsemi sem Akureyrarbær rekur í húsum sínum í Kaupvangsstræti sem í daglegu tali er nefnt Listagil. Auk listasafnsins eru það: Ketilhúsið, Deiglan, gestavinnustofan í Deiglu og vinnustofur listamanna og félaga í gílinu.

Listasafnið lýtur gildandi safnalögum, siðareglum Alþjóðaráðs safna, ICOM (International Council of Museums) og lögum um menningarminjar hvað varðar minjavörslu eftir því sem við á.

##### 3. gr.

Hlutverk Listasafnsins á Akureyri er að safna, varðveita, skrá og rannsaka m.a. listaverkasafn Akureyrarbæjar og standa fyrir sýningum á sjónlistum af innlendum og erlendum uppruna. Safnið skal enn fremur miðla upplýsingum um safnkostinn og hafa til sýnis á áhugaverðan og aðgengilegan hátt fyrir almenning. Safnið getur haldið sérsýningar hvar sem safnmunir eru öruggir og lánað muni til sýninga með skilyrðum um öryggi þeirra. Safnmuni skal skrá eftir viðurkenndum aðferðum og varðveita og forverja eftir bestu getu.

Safnið skal starfa eftir mótaðri söfnunar- og sýningarstefnu sem skal miða að því að varpa ljósi á og efla þekkingu, skilning og áhuga almennings á sjónlistum. Listasafnið miðlar þekkingu á sviði myndlistar og hönnunar. Söfnunarstefnuna skal endurskoða á 4 ára fresti. Safnið skal leitast við að höfða til og þjóna breiðum hópi safngesta og skal leitast við að hafa starfsemi sína aðgengilega öllum.

##### 4. gr.

Meginmarkmið safnsins eru:

Að setja með reglulegu millibili upp sýningar á safnkosti eða sýningar tengdar honum í húsnæði Listasafnsins á Akureyri.

Að standa fyrir margvíslegum viðburðum sem hafa það að markmiði að hlutverk safnsins nái fram að ganga.

Að hafa öflugt samstarf við listafólk, önnur söfn innanlands sem utan og við aðrar viðurkenndar stofnanir um málefni sem varða starfsemina.

Að hafa umsjón með og eftirlit með myndverkum á almannafæri og í eigu bæjarins. Kappkosta skal að sem mest af safnkosti sé til sýnis dags daglega í stofnunum Akureyrarbæjar.

5. gr.

Listasafnið á Akureyri skal vera opið almenningi á auglýstum tíma.

Safnið skal sinna fræðsluhlutverki til skóla á starfssvæði sínu sérstaklega og skal hafa samvinnu við fræðsluþjónustu og aðra aðila eftir því sem við á.

## II. Stjórn.

6. gr.

Stjórn Akureyrarstofu starfar sem stjórn Listasafnsins á Akureyri og er starfstími stjórnarmanna hinn sami og bæjarstjórnar. Hún skal skipuð 5 mönnum og jafn mörgum til vara. Stjórnarmenn og varamenn eru kosnir af bæjarstjórn Akureyrar í samræmi við samþykkt um stjórn Akureyrarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar. Framkvæmdastjóri Akureyrarstofu er starfsmaður stjórnarinnar.

Stjórn Akureyrarstofu er heimilt að skipa 3 manna listasafnsráð sem hafa skal sama skipunartíma og stjórnin. Hlutverk listasafnsráðs er að vera ráðgefandi um fagleg málefni safnsins s.s. listræna starfsemi, sýningaráætlanir, safna- og sýningarstefnu. Safnstjóri geri tillögur að fulltrúum til setu í listasafnsráði. Fulltrúar ráðsins eiga að endurspeglja breidd myndlistar og hönnunar, hafa yfirgripsmikla þekkingu á myndlist, vera vel tengdir faglega og í atvinnulífinu. Þekking á safna-starfsemi er kostur.

Listasafnsráð annast jafnframt innkaup listaverka, sbr. 15., 16., og 17. gr. þessarar samþykktar.

7. gr.

Um starfshætti og fundi stjórnar Akureyrarstofu fer skv. samþykkt um stjórn Akureyrarstofu sem sett er af bæjarstjórn Akureyrar.

8. gr.

Stjórn Akureyrarstofu afgreiðir starfs- og fjárhagsáætlun Listasafnsins á Akureyri fyrir hvert ár og fylgist með framkvæmd hennar. Um leyfi til undirritana skuldbindinga fer skv. reglum Akureyrarbæjar.

9. gr.

Stjórn Akureyrarstofu gerir tillögur um stefnumörkun í samvinnu við safnstjóra. Stjórnin tryggir framkvæmd og reglulega endurskoðun þeirrar stefnu hjá safninu. Stjórnin hefur yfirumsjón með því að Listasafnið starfi samkvæmt skipulagsskrá og almennum lögum.

## III. Safnstjóri.

10. gr.

Framkvæmdastjóri Akureyrarstofu ræður safnstjóra Listasafnsins á Akureyri eftir umsögn stjórnar Akureyrarstofu. Um ráðninguna fer skv. reglum Akureyrarbæjar. Safnstjóri annast daglegan rekstur Listasafnsins. Safnstjórinn skal hafa háskólamenntun á sviði sjónlista eða búa yfir sambærilegri þekkingu. Safnstjórinn ræður annað starfsfólk í samræmi við samþykktar starfs- og fjárhagsáætlun. Safnstjórinn er ráðinn til fimm ára. Stjórn Akureyrarstofu getur ákveðið að framlengja ráðningu safnstjóra einu sinni til fimm ára.

11. gr.

Safnstjóri ber ábyrgð á rekstri safnsins og stjórnsýslu þess þar með talið fjármálum og framkvæmdum ákvarðana stjórnar Akureyrarstofu. Fagleg starfsemi er á hans ábyrgð sem og skipulagning sýninga. Safnstjóri ber ábyrgð á viðhaldi búnaðar og húsnæði í samráði við stjórn Akureyrarstofu og fasteignir Akureyrarbæjar.

## 12. gr.

Safnstjóra er heimilt að lána gripi tímabundið út úr safninu til sýninga innanlands. Safninu er ekki heimilt að veita viðtöku gjöfum sem sérstakar kvaðir fylgja, nema með samþykki stjórnarinnar.

Heimilt er að selja listaverk í eigu safnsins í því skyni að kaupa önnur verk sem þykja æskilegri fyrir það. Sala er þó aðeins heimil með samþykki stjórnar Akureyrarstofu og í samráði við viðkomandi höfuðsafn, samanber 12. gr. safnalaga nr. 141/2011. Óheimilt er að selja eða að láta af hendi verk sem þegin hafa verið að gjöf.

**IV. Reikningur og endurskoðun.**

## 13. gr.

Um reikningshald Listasafnsins á Akureyri fer skv. reglum Akureyrarbæjar og annast endurskoðendur bæjarfélagsins endurskoðun reikninga þess.

## 14. gr.

Bæjarstjórn Akureyrar samþykkir ársreikninga bæjarins eftir að endurskoðun lýkur og þar með reikninga Listasafnsins á Akureyri.

**V. Listaverkakaup og gjafir.**

## 15. gr.

Listasafnsráð annast kaup listaverka til safnsins í samræmi við fjárheimildir í fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar. Þá getur safnstjóri ráðstafað allt að 20% af ráðstöfunarfé til kaupa innlendra verka án afskipta nefndarinnar. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála. Verði ágreiningur um kaup listaverks milli safnstjóra og annarra nefndarmanna skal skjóta málinu til stjórnar Akureyrarstofu til endanlegrar ákvörðunar.

Við val listaverka til safnsins ber að fara eftir listrænu gildi þeirra.

Listasafnsráð skal einnig vera til ráðgjafar um listaverkakaup stofnana bæjarins. Listasafnsráð skal ársfjórðungslega gera stjórn Akureyrarstofu grein fyrir innkaupum listaverka og listaverkagjöfum sem borist hafa til safnsins. Laun listasafnsráðsmanna skulu greidd af fjárveitingu til Listasafnsins á Akureyri.

## 16. gr.

Listasafnsráð fjallar um gjafir sem safninu eru boðnar og metur hvort þær skuli þagnar. Þótt safnið veiti listaverki viðtöku sem gjöf má það eigi takast á hendur kvaðir um aðra meðferð þess en annarra listaverka safnsins; þó getur stjórn Akureyrarstofu veitt undanþágu frá þessu ákvæði ef sérstök rök mæla með því. Gjöf skal fylgja gjafabréf. Gjafir og fjárframlög til safnsins eru frádráttarbær til skatts, sbr. ákvæði laga um tekjuskatt nr. 90/2003, með áorðnum breytingum.

**VI. Um myndverk á almannafæri.**

## 17. gr.

Listasafnsráð annast kaup myndverka til uppsetningar á almannafæri í samræmi við fjárheimildir í fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar.

## 18. gr.

Safnstjóri gerir tillögur um staðsetningar myndverka á almannafæri að höfðu samráði við skipulagsstjóra Akureyrarbæjar og framkvæmdadeild Akureyrarbæjar. Stjórn Akureyrarstofu gerir tillögu þess efnis til bæjarráðs.

## 19. gr.

*Niðurfelling starfsemi.*

Ef starfsemi Listasafnsins á Akureyri leggst af skal safnkostur þess renna til bæjarsjóðs Akureyrar að höfðu samráði við höfuðsafn. Munir þeir sem að láni hafa verið fengnir, verða afhentir lög-mætum eignum, öðrum eigum skal ráðstafað að höfðu samráði við ráðuneyti.

**VII. Breytingar á samþykkt.**

20. gr.

Samþykkt þessari getur stjórn Akureyrarstofu breytt en allar breytingar skulu staðfestar af bærarstjórn Akureyrar.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. september 2020